

Mánudaginn 23. maí 1960.

Nr. 86/1960. **Fjóla Kristjánsdóttir**

gegn
valdstjórninni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Vitnaskylda. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Í sakadómi Suður-Múlasýslu hinn 6. maí 1960 ákvað héraðsdómarinn, Valtýr Guðmundsson sýslumannsfulltrúi, að krefja sóknaraðilja gegn andmælum hennar vættis í opinberu máli, Samkvæmt heimild í 6. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951 lýsti sóknaraðili þegar kæru þessarar ákvörðunar til Hæstaréttar, og bárust dóminum skjöl málsins hinn 16. þ. m. Krefst sóknaraðili þess, að greind ákvörðun héraðsdómara verði úr gildi felld og að henni verði dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði.

Af hálfu valdstjórnar hafa eigi komið fram kröfur né greinargerð í málinu.

Héraðsdómara bar samkvæmt 2. mgr. 103. gr. laga nr. 27/1951 að kveða á um vitnaskyldu sóknaraðilja með úrskurði, sem byggður væri á skýrum og glöggum forsendum, sbr. 164. gr. sömu laga. En þar sem forsendur af hendi dómara eru engar fyrir hinni kærðu dómsathöfn, verður hún ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður sóknaraðilja, kr. 800.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hin kærða dómsathöfn á að vera ómerk, og visast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður sóknaraðilja, Fjólu Kristjánsdóttur, kr. 800.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Suður-Múlasýslu 6. maí 1960.

Heimilt er að spyrja frú Fjólu Kristjánsdóttur sem vitni hér í dóminum um atriði, sem skeðu á heimili hennar varðandi veru Arnþórs Þórólfssonar í Læknishúsinu eftir 7. október s.l.

Mánudaginn 23. maí 1960.

Nr. 3/1957. **Guðmundur og Sigurður Eyjólfssynir og Arnþrúður Guðjónsdóttir f. h. dánarbús Eyjólfss Guðmundssonar**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn
Kristjáni Bjarnasyni (Sigurður Ólason hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Landskiptamál.

Dómur Hæstaréttar

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1957 og fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Krefjast þeir þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að þeir verði sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda í málinu. Svo krefjast þeir og málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og að skipuðum talsmanni þeirra verði dæmd málflutningslaun úr rikissjóði bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 9. janúar 1957, og hefur hann einnig fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða in solidum málskostnað fyrir